

Frá stjórn Prestafélags Íslands

Athugasemdir við frumvarp um Kjararáð

Stjórn Prestafélags Íslands mælir eindregið gegn því að ákvæði um að undir Kjararáð heyri að ákveða laun biskupa, prófasta og presta Þjóðkirkjunnar falli úr lögum um Kjararáð og úr lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar. Telur stjórn PÍ að yfirlýst markmið frumvarpsins nái fram að ganga þótt laun og önnur starfskjör kjörinna og skipaðra embættismanna Þjóðkirkjunnar verði ákvörðuð af óvilhöllum aðila svo sem verið hefur með lögum um Kjaradóm, Kjaranefnd og nú Kjararáð. Þá telur stjórnin að forsendur þess að setja ákvæði um presta í ákvæði til bráðabirgða séu alls ekki fyrir hendi.

Telur stjórnin að skýringar við ákvæði til bráðabirgða um að ákvörðun launa presta byggji á því að samkomulag sé við það að takst milli Ríkis og Þjóðkirkju um veigamiklar breytingar á samkomulagi Ríkis og Þjóðkirkju um kirkjujarðir frá 1997. Hvorki tillögur né drög að samkomulagi hafa komið fyrir sjónir Prestafélags Íslands né hefur nokkur fulltrúi á vegum PÍ verið kvaddur til samráðs þótt stjórn PÍ hafi leitað eftir því að fá upplýsingar um mál þetta hjá nefnd Kirkjuþings sem átt hefur í viðræðum við fulltrúa Innanríkisráðuneytis á þessu ári um endurskoðun á fjármálalegum tengslum milli Ríkis og Þjóðkirkju. Getur stjórn PÍ ekki dregið aðra ályktun af því en að atriði er varða kjör eða ákvörðun launa embættismanna Þjóðkirkjunnar hafi alls ekki verið til umræðu eða að nokkuð muni felast að þessu sinni í hugsanlegu samkomulagi milli þessara aðila er varðað getur forsendur launa presta, prófasta og biskupa eða með hvaða hætti þau verði ákvörðuð í náinni framtíð. Þá bendir stjórn PÍ á að Kirkjuþing vinnur nú að frumvarpi að nýrri rammalöggjöf um Þjóðkirkjuna og hefur frumvarpið verið sent út til kynningar en í því er ekki getið um breytingar á því með hvaða hætti staðið verði að því að ákvarða laun presta ef breytingar yrðu á því með nýju samkomulagi milli þessara lögaðila. Stjórn PÍ getur því ekki séð tilefni til annars en að laun kjörinna og skipaðra embættismanna Þjóðkirkjunnar verði áfram ákvörðuð af Kjararáði. Stjórnin mælir eindregið með því að ákvæði um ákvörðun launa biskupa, prófasta og presta Þjóðkirkjunnar verði áfram í frumvarpi um Kjararáð svo sem verið hefur í lögum um Kjararáð til þessa.

Í frumvarpinu um Kjararáð er vísað til þess að ríkisvaldið stefni að breytingum varðandi kirkjujarðasamkomulagið. Stjórn PÍ áréttar að það samkomulag er einkaréttarlegs eðlis og byggir á grundvallarjónarmiðum um eignarétt. Byggja allar greiðslur á því að um endurgjald er að ræða vegna eignaafsals. Nær allar greiðslur vegna kirkjujarðasamkomulagsins eru vegna launa eða annarra kjara biskupa, prófasta og presta Þjóðkirkjunnar. Við núverandi samning og lögum samkvæmt er trygging á báða bóga fólgin í því að tilgreindur er ákveðinn fjöldi embætta og tryggingin er einnig fólgin í því að óvilhallur aðili ákvarði laun þeirra embættismanna sem um ræðir. Það má því ætla að með núverandi fyrirkomulagi hafi bæði verið sett trygging fyrir rökstuddri launaákvörðun presta og ákvörðun um stjórn á útgjöldum Ríkissjóðs sem af samkomulaginu leiðir.

Í ákvæði til bráðabirgða er þess getið að mál sem tekin hafa verið til meðferðar hjá Kjararáði skuli hljóta málsmeðferð er leiði til ákvörðunar um laun þeirra sem þar eru til meðferðar. Síðasti sérúrskurður um laun presta, prófasta og biskupa er frá árinu 2005 og löngu kominn tími á nýjan sérúrskurð. Á síðustu árum hefur ákvörðun um laun prófasta og biskupa verið til meðferðar hjá Kjararáði og fyrr á árinu var einnig tekin fyrir greinagerð Prestafélags Íslands varðandi sérúrskurð um laun presta, sóknarpresta, héraðspresta, prófasta, vígslubiskupa og biskup Íslands. Hafa allir þessir prestar setið eftir ef tekið er mið af þeim embættismönnum og þjóðkjörnu

fulltrúum sem prestar gátu áður fyrr borið sig saman við. Það er því afar mikilvægt að núverandi Kjararáð fái að ljúka þeim sérúrskurði sem vænta má og fái þannig að leiðréttu kjör presta til samræmis við aðra embættismenn sem heyra undir ákvörðun Kjararáðs um laun og önnur kjör. Í greinagerðum Prestafélags Íslands varðandi væntanlegan sérúrskurð eru til umfjöllunar ýmis mikilvæg atriði er varða endurmat á umfangi embættanna og endurskoðun á veigamiklum málum er lúta að starfskjörum og starfsmenntun. Það er því afar mikilvægt að þessu ferli verði lokið með ákvörðun Kjararáðs áður en nokkrar breytingar verða gerðar varðandi launaákvörðun eða hvað varðar hugsanlega róttækar breytingar á kirkjujarðarsamkomulaginu í þessum efnunum. Í skýringum við frumvarpið virðist gengið út frá því að miklar breytingar séu í farvatninu en þó sér ekki votta fyrir því. Með þessum athugasemdum stjórnar PÍ er verið að draga fram að varla er hægt að reikna með að þær breytingar séu að eiga sér stað á allra næstu misserum nema með aðkomu Prestafélags Íslands og með málsmeðferð á Kirkjuþingi um hvaða fyrirkomulag gæti tekið við ef samningar nást milli Ríkis og Þjóðkirkjunnar um breytingar á kirkjujarðarsamkomulaginu og þessu launafyrirkomulagi sleppir. Innan Biskupsstofu er því miður ekki enn komin upp vísir að þeirri launasýslu sem gæti hugsanlega tekið við því hlutverki að vera samningsaðili við Prestafélagið. Biskupsstofa, Kirkjuráð eða Kirkjuþing hafa ekki einu sinni fengist til samninga um að vinna að bráðnauðsynlegri endurskoðun á endurgreiðslum embættiskostnaðar og hefur það þó verið baráttumál PÍ um áraraðir, en það eru fjármál sem byggja einnig á greiðslum vegna kirkjujarðarsamkomulagsins. Með öllum þessum athugasemdum er því mælt til þess að ákvæði um presta verði áfram í frumvarpi um Kjararáð líkt og í lögum um Kjararáð enda hefur ekki hafist nein umræða eða málsmeðferð innan Þjóðkirkjunnar um þær forsendur sem frumvarpið byggir á og varða hugsanlegar breytingar á lögum um Þjóðkirkjuna og um breytingar á samkomulaginu milli Ríkis og kirkju, né hefur verið unnið að stjórnarsýslulegum undirbúningi þess sem segir um hugsanlegar breytingar á því til framtíðar litið.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Prestafélags Íslands,

Sr. Kristján Björnsson, formaður
klerkur@simnet.is
s. 856 1592